

## Fundur með eigendum Austurgötu 36 þann 16. febrúar 2018

Mætt eru: Ólafur Ingi Tómasson, Þormóður Sveinsson, Ívar Bragason, Guðrún Guðmundsdóttir, Anna Gyða Pétursdóttir og Ingvar Ari Arason. ÍB skrifar fundargerð.

ÓIT opnar fundinn og fer yfir ferilinn í málinu. Það liggur fyrir að Minjastofnun er búin samþykka niðurrif hússins. Eftir auglýsingu á tillögunni bárust athugasemdir frá nágrönnum og frá byggðasafni. ÓIT tekur fram að hann hafi talið rétt að eiga fund með eigendum núna til að fara yfir málið og taka stöðuna. AGP og IAA taka undir það og þakka fyrir fundin.

ÓIT fer einnig yfir ferilinn almennt í deiliskipulagsmálum og að þau taki oft langan tíma. Eftir að breyting á skipulagi er samþykkt kann mál að vera kært og einhver tími líður þar til endalega niðurstaða er komin í mál. Hann fer yfir að ferilinn í þessu tiltekna máli hefur verið skv. lögum og engu frábrugðinn því sem almennt þekkist í slíkum málum. ÍB staðfestir að svo sé. ÓIT fer sérstaklega yfir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum byggðasafnsins. AGP fer þá yfir fundinn sem þau áttu með fulltrúa byggðasafnsins.

Umræða fer fram um skipulagsáætlanir á svæðinu og fjallað um tiltekin fordæmi fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á húsum í Austurgötunni sem og nærliggjandi hverfum. ÍB fer yfir að gildandi aðalskipulag hafi verið samþykkt 2014 og að önnur sjónarmið kunni að hafa legið til grundvallar þegar breytingar hafi verið samþykktar í tíð eldra skipulags. Það er því ekki augljóst að þær kunni að fela í sér skýrt fordæmi í dag. AGP og IIA nefna þá dæmi sem þau telja að samþykkt hafi verið í tíð gildandi aðalskipulags.

Anna fer yfir söguna þeirra á glærum. Fjallar m.a. um að leyfi fyrir niðurrifi sé að renna út. Fundarmenn leggja til að glæurnar verði settar undir málið.

Umræða um niðurrif hússins. ÞS og ÍB fara yfir skilyrði fyrir niðurrifi og hvaða gögn þurfi að fylgja. ÍB óskar eftir að fá afrit af dómsskjölum í málinu sem þau hafa höfðað gegn fyrri eiganda. Tekið er vel í það og AGP tekur jafnframt fram að í málinu sé ekki gerð krafa um riftun á kaupsamningi og því ekki gert ráð fyrir að húsið kunni að enda aftur í höndum fyrri eiganda.

Rætt um tímamál sem málið hefur tekið. ÍB fer ítarlega yfir að ferillinn hefur verið í samræmi við það sem almennt þekkist í slíkum málum og ef mál dragist óeðlileg þá sé á það bent.

Umræða um hvernig tillagan er útfærð í dag og farið yfir framkomnar athugasemdir. AGP fer yfir möguleikann á því að gerðar séu breytingar á tillögunni þannig að tillit sé tekið til framkominna athugasemda. ÞS leiðbeinir í þá veru og nefnir atriði sem þyrfti þá að huga að, t.d. með tilliti til athugasemda hvað varðar skuggavarp ofl.

Niðurstaða fundarins er að málið verði tekið fyrir á næsta fundi skipulags- og byggingarráðs. Á þeim fundi liggja þá fyrir upplýsingar um að lóðarhafar séu að vinna í breytingum á tillögunni í því skyni að koma á mótis við þær athugasemdir sem hafa borist.